

**From:** Gunnlaugur A. Júlíusson <[gunnlaugur@borgarbyggd.is](mailto:gunnlaugur@borgarbyggd.is)>  
**Date:** 4 October 2019 at 13:08:44 GMT  
**To:** Hrefna B Jónsdóttir <[hrefna@ssv.is](mailto:hrefna@ssv.is)>  
**Subject:** FW: Minnisblað frá óformlegum fundi 10 stærstu hluthafa í MB

Sæl Hrefna

Sendi hér með þær tillögur sem þurfa að fylgja með fundarboði.



**Bestu kveðjur / Best regards**

Gunnlaugur A. Júlíusson  
sveitarstjóri Borgarbyggðar  
☎ +354 433-7100  
[gunnlaugur@borgarbyggd.is](mailto:gunnlaugur@borgarbyggd.is) / [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)  
[www.facebook.com/borgarbyggd](https://www.facebook.com/borgarbyggd)

**From:** Kristinn Bjarnason <[kristinn@lagastod.is](mailto:kristinn@lagastod.is)>  
**Sent:** 18. september 2019 9:29 f.h.  
**To:** Gunnlaugur A. Júlíusson <[gunnlaugur@borgarbyggd.is](mailto:gunnlaugur@borgarbyggd.is)>  
**Subject:** RE: Minnisblað frá óformlegum fundi 10 stærstu hluthafa í MB

Sælir

Það er hægt að útfæra þetta í grein 4.1 þannig (viðbætur/breytingar undirstrikaðar):

„Stjórn félagsins skal skipuð sex mönnum og sex varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa formann og varaformann stjórnar úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna. Stjórn félagsins skal halda fundargerðarbók þar sem skráðar eru allar ákvarðanir stjórnar og annað það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

**Undirskriftir fjögurra stjórnarmanna bindur félagið.“**

Með þessu móti ætti að vera búið að ná utan um þau efni sem valdið hafa vanda í stjórnarháttum félagsins.

Heyri frá þér ef eitthvað þarf frekar um þetta.

Kv. Kristinn

**From:** Kristinn Bjarnason <[kristinn@lagastod.is](mailto:kristinn@lagastod.is)>  
**Sent:** 6. september 2019 11:04 f.h.

To: Gunnlaugur A. Júlíusson <[gunnlaugur@borgarbyggd.is](mailto:gunnlaugur@borgarbyggd.is)>

Subject: RE: Minnisblað frá óformlegum fundi 10 stærstu hluthafa í MB

Sælir

Ég hef yfirfarið gögn og sjónarmið til að geta lagt mat á hvernig verði best náð þeim markmiðum sem fram koma í minnisblaði af fundi stærstu hluthafa Menntaskóla Borgarfjarðar ehf.

Lagt er til að grein 4.1 í samþykktum félagsins verði breytt og ný málsgrein bætist við. Ákvæðið myndi orðast þannig (viðbætur undirstrikaðar):

**„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa formann og varaformann stjórnar úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna. Stjórn félagsins skal halda fundargerðarbók þar sem skráðar eru allar ákvarðanir stjórnar og annað það sem gerist á stjórnarfundum.**

**Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.**

**Undirskriftir fjögurra stjórnarmanna bindur félagið.“**

Af þessu leiddi að rétt væri að breyta grein 3.2 til samræmis þannig (breytingin undirstrikuð):

**„Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst mánaðar ár hvert og skulu tekin fyrir á honum þessi mál:**

- 1) **Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.**
- 2) **Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðenda/skoðunarmanna skal lagður fram til samþykktar.**
- 3) **Kjósa skal stjórn félagsins og endurskoðanda eða skoðunarmenn.**
- 4) **Kjósa skal formann og varaformann stjórnar félagsins úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna.**
- 5) **Tekin skal ákvörðun um hvernig skal far með hagnað eða tap og framlög í varasjóð. Hagnaði skal einungis varið í samræmi við tilgang og markmið félagsins, sbr. gr. 1.3. og 1.4.**
- 6) **Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.**
- 7) **Önnur mál löglega borin upp.“**

Skýringar:

Samkvæmt því sem fram kemur í minnisblaði um óformlegan fund stærstu hluthafa 19. ágúst sl. er meginmarkmið breytinga sem óskað var tillagna um að koma meiri festu í stjórnarkjör en nú er og tryggja að stjórnarformennska í sé höndum stjórnarmanns sem nýtur stuðnings þeirra sem fara með meirihluta hluthafavalds Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. en fyrir liggur að Borgarbyggð á 91,98% hlutafjár og Loftorka Borgarnesi ehf. 5,59% en hlutir annarra hluthafa eru allir undir einu prósentu. Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er heimilt að kveða svo á í samþykktum einkahlutafélags að formaður félagsstjórnar sé sérstaklega kjörinn á hlutahafafundi. Eðli máls samkvæmt felst í því að einnig er heimilt að kveða á um að varaformaður stjórnar sé kosinn á hlutahafafundi. Fyrirkomulag þetta felur í sér að þeir aðilar sem fara með hluthafavald á hluthafafundum í Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. myndu ráða hverjir úr hópi kjörinna stjórnarformanna færu með stjórnarformennsku. Væntanlega færi sveitarstjóri með hluthafavaldið fyrir hönd Borgarbyggðar og greiddi væntanlega atkvæði á hluthafafundinum í samræmi við vilja meirihluta sveitarstjórnar á hverjum tíma. Vek athygli á því að stjórnarkjörið þarf að fara fram með

Því að fyrst er stjórnin kjörin (aðal- og varastjórn) og síðan eru formaður og varaformaður kjörnir úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna. Aðrar breytingar sem lagðar eru tengjast þessu eða eru til frekari skýringar á stöðu og starfsháttum stjórnar enda er minna um þau atriði í núgildandi samþykktum en almennt tíðkast. Miðað við það sem sérstaklega er til skoðunar verður ekki séð að þörf sé að gera frekari breytingar á samþykktunum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja var aðalfundur Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. haldinn þann 17. maí sl. og félaginu þar m.a. kjörin ný stjórn. Af gildandi skráningu í fyrirtækjaskrá RSK má hins vegar ráða að hin nýja stjórn hefur ekki verið tilkynnt til RSK innan mánaðar frá því hún var kjörin svo sem lögboðið og fengist því að óbreyttu ekki skráð þar nú.

Borgarbyggð ætti að geta, í krafti hluthafafjáreignar sinnar, krafist og komið því leiðar að haldinn verði hluthafafundur í Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. þar sem á dagskrá væru eftirfarandi mál:

1. Tillögur að breytingum samþykktum félagsins.
2. Stjórnarkjör.
3. Kjör formanns og varaformanns stjórnar.
4. Önnur mál löglega borin upp.

Gæta þarf svo að því ef slíkur fundur yrði haldinn að tilkynna um breyttar samþykktir og nýja stjórn innan mánaðar frá fundinum.

Heyri frá þér ef frekari skýringar, sjónarmiðum eða aðstoð.

Þú lætur vita ef þú vilt fá framangreint í öðru formi t.d. í minnisblaði.

Kv. Kristinn Bjarnason hrl.

**From:** Gunnlaugur A. Júlíusson <[gunnlaugur@borgarbyggd.is](mailto:gunnlaugur@borgarbyggd.is)>

**Sent:** 29. ágúst 2019 16:37

**To:** Kristinn Bjarnason <[kristinn@lagastod.is](mailto:kristinn@lagastod.is)>

**Subject:** Minnisblað frá óformlegum fundi 10 stærstu hluthafa í MB

Sæll Kristinn

Sendi hér með minnispunkta frá óformlegum fundi stærstu hluthafa í MB sem haldinn var þann 19. ágúst sl.

Meðfylgjandi bókun var síðan samþykkt á fundi byggðarráðs í morgun:

„Umræður um undirbúning hluthafasamkomulags vegna stjórnarkjörs í Menntaskóla Borgarfjarðar. Lagðir fram minnispunktar frá umræðum á óformlegum fundi 10 stærstu hluthafa skólans frá 19. ágúst sl.

Tillaga að bókun: Byggðarráð óskar eftir að Kristinn Bjarnason hrl. verði fenginn til að vinna drög að hluthafasamkomulagi með hliðsjón af þeim umræðum sem fóru fram á óformlegum fundi hluthafa þann 19. ágúst sl. og leggur þá ákvörðun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.“

Það var minnst á hvort hægt væri að setja upp fleiri en einn valkost að formi á samþykktunum.

Verðum í sambandi.



**Bestu kveðjur / Best regards**

Gunnlaugur A. Júlíusson

sveitarstjóri Borgarbyggðar

☎ +354 433-7100

[gunnlaugur@borgarbyggd.is](mailto:gunnlaugur@borgarbyggd.is) / [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)

[www.facebook.com/borgarbyggd](https://www.facebook.com/borgarbyggd)

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.